

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

B.t. Guðmundar B. Ingvarssonar

16. september. 2011

Efni: Urðunarstaður á Mel í landi Fjarðar (í Lóni) – Umsókn um framlengingu starfsleyfis

Sveitarfélagið Hornafjörður sækir um framlengingu starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn á Mel í landi Fjarðar (í Lóni) í samræmi við reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þá er sótt um undanþágu skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og fylgir áhættumat með umsókninni. Áætlað er að rekstrartími urðunarstaðarins sé 30 ár frá endurnýjun starfsleyfis.

Samantekt á upplýsingum í samræmi við gr. 10.3 rg. 785/1999:

Sveitarfélagið Hornafjörður sækir hér með um framlengingu á starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Lóni. Urðunarstaðnum er ætlað að taka við allt að 3.000 tonnum af almennum úrgangi á ári. Ekki verða þar urðuð spilliefni og dregið verður úr urðun lífræns úrgangs eins og unnt er.

Urðunarstaðurinn er á 8 hektara afgirtri lóð norðvestan Þjóðvegur eitt rétt suðaustan Almannaskarðs. Upphækkaður malarvegur tengir Þjóðveg við lóðina og liggja malarlóðar um svæðið innan lóðar. Urðað hefur verið í reinar á norðvesturhluta lóðarinnar undanfarin 16 ár og fyrirhugað er að gera viðbótarreinar suðaustan við þær reinar. Viðbótarhólfinn verða alls þrjú talsins og umfang hvers um sig um 30 x 170 metrar og dýpi um 8 metrar. Áætlað er að hvert viðbótarhólf endist í um 10 ár.

Við gerð urðunarhólfanna verður grafið niður úr malarjarðlagi sem liggur á yfirborðinu og niður að þéttu undirlagi sem nýtist sem tálmi. Botn verður skafinn og mótaður með afrennslisalla að söfnunarkerfi sem leiðir sigvatn með sjálfrennsli að hreinsivirki. Urðunarvinna fer að mestu fram undir núverandi yfirborði lands sem dregur úr áhrifum vegna hugsanlegs foks, hávaða, lyktar og sjónmengunar. Vinnslufleti úrgangs verður haldið sem minnstum og úrgangur þjappaður jafnóðum og hann berst og hann hulinn daglega með jarðefnum eða öðru sambærilegu svo sem timburkurli, glermulningi eða nót. Rekstur verður skv. rekstrarhandbók og gæða- umhverfisstjórnunarkerfi verður innleitt auk umhverfisstefnu. Vöktun verður á urðunarstaðnum skv. ákvæðum starfsleyfis á rekstrartíma hans og eftir að því líkur.

Eftirfarandi upplýsingar fylgja umsókn í samræmi við 13. gr. rg. 738/2003 a til j.

a) Nafn umsækjanda.

Sveitarfélagið Hornafjörður. Kt: 590169-4639. Heimilisfang: Hafnarbraut 27, 780 Höfn. Sími: 470-8000. Umboðsmaður sveitarfélags: Haukur Ingi Einarsson. Ráðgjafi sveitarfélags : Gunnar Svavarsson, Efla hf. verkfræðistofa. Sími 412-6000.

b) Lýsing á tegund þess úrgangs, sem koma á fyrir, og heildarmagni hans.

Allar tegundir úrgangs sem heimilt er að urða skv. rg. 738/2003 og er flokkaður frá öðrum úrgangi, m.a. heimilis- og rekstrarúrgangur. Úrgangurinn verður rúmmálsminnkaður við urðun. Ekki verða urðuð spilliefni á urðunarstaðnum eða annar hættulegur úrgangur. Allt að 90.000 tonn af úrgangi verða urðuð á stækkunarsvæði urðunarstaðarins á rekstrartíma hans, eða allt að 3.000 tonn á ári. Árlega eru nú urðuð um 2.000 tonn. Sveitarfélagið lítur hinsvegar til hugsanlegrar stækkunar starfsvæðis eða til sérstakra aðstæðna sem upp gætu komið sem leitt gætu til meiri urðunar en nú er og telur því nauðsynlegt að hafa leyfismagn umfram núverandi urðunarmagn. Vísað er til frekari upplýsinga í kafla um úrgang í meðfylgjandi áhættumati.

c) Áætluð móttökugeta urðunarstaðarins og áætlaður rekstrartími.

Móttökugeta stækkunar er áætluð 90.000 tonn og áætlaður rekstrartími er 30 ár.

d) Lýsing á urðunarstaðnum, þar á meðal lýsing á vatnajarðfræði- og jarðfræðilegum einkennum hans.

Urðunarstaðurinn í Lóni sem er rétt norðvestan Þjóðvegur nr. 1 norðan Almannaskarðs er á um 8,6 ha afgirtri lóð, en svæðið sem deiliskipulag afmarkar fyrir urðun er um 4,1 ha að stærð. Nú þegar hefur verið urðað á um 2-2,4 ha svæði. Upphækkaður malarvegur er frá Þjóðvegi að lóð urðunarstaðar og slóði liggur yfir svæði innan lóðar frá aðkomuhliði. Ekki er vog á urðunarstaðnum heldur hefur vog á Höfn verið notuð til vigtnar úrgangsfarma. Skv. deiliskipulagi er gert ráð fyrir að þar megi byggja móttöku- og aðstöðuhús sem sé færanlegt. Þá er í skipulagi gert ráð fyrir að þegar urðun lýkur verði lóðinni skilað í sem næst því ástandi sem hún var fyrir urðun, þ.e. að ummerki um urðun séu sem minnst sýnileg. Byrjað var að urða norðvestast á mel fyrir um 16 árum og urðun hefur svo færst í suðaustur í átt að Þjóðveginum. Urðað hefur verið um 1 metra upp fyrir upphaflega landhæð á hluta svæðis en að öðru leyti er ásýnd landsins að mestu óbreytt, utan drenskurðar sem gerður var vestan við melinn við fjallsrætur. Áætlað er að næsti áfangi urðunar verði suðaustan núverandi urðunarreina og hann dugi í allt að 10 ár. Urðunarhólfíð í þeim áfanga verður um 30 x 170 m og um 8 metra djúpt. A.m.k. tvenn slík hólf yrðu svo gerð þar suðaustanvið í framhaldinu. Viðbótar urðunarhólfin yrðu því alls þrjú skv. þessari fyrstu áætlun, en eftir á að fara í ítarlegri hönnun og útfærslu á svæði.

Urðunarhólf verða grafin gegnum laust malarjarðlag í melnum og lítillaga niður í hart leir- eða siltag sem er þar undir. Þetta þetta jarðlag verður nýtt sem tálmi fyrir söfnun sigvatns og verður botn þess skafinn og mótaður með um 2-4% halla að drenrörakerfi sem flytur sigvatn að hreinsivirki. Hliðar á urðunarhólfi verða hafðar sem brattastar eða með u.þ.b. hrunhalla. Úrgangur yrði ekki settur ofan á hliðarnar heldur yrði hann lagður yfir botninn að hliðum en jaðar urðunarhólfs yrði fylltur aftur með mól þ.e. ofan á hallann. Þannig færi sigvatn ekki út fyrir mótaðan leirbotn urðunarhólfs og nokkuð góð nýting fæst á rými í mel til urðunar. Efni sem kemur úr fyrsta áfanga stækkunar má nota til landmótunar á eldri reinum og sem huluefni í urðun en huluefni yrði líka tekið þeim megin í urðunarhólfi þar sem næsti áfangi yrði grafinn og verður úrgangsfylling því að lokum samfeld í öllum þrem áföngum. Byrjað yrði að fylla í eystri hluta hólfanna og fyllt í vestur að lágpunkti botns. Fyllt yrði í hólfín í lögum, um 2 metra þykkum, en þynnri lög yrðu í daglegum fyllingum. Úrgangur verður troðinn jafnóðum með gröfu eða sorptroðara til að minnka rúmmál og draga úr foki. Vinnsluflötur úrgangs verður hafður sem minnstur hverju sinni. Úrgangsfylling verður látinn ná upp að yfirborði mels og eins metra lokahula sett þar ofan á. Eftir niðurbrot úrgangs og sig verður því yfirborð urðunarsvæðis í sömu landhæð og var í upphafi. Sigvatn verður leitt í sjálfrennandi lagnakerfi frá urðunarhólfi í átt að drenskurði suðvestan við hólf og í nýtt hreinsivirki. Til að skapa pláss og aðstæður fyrir hreinsivirki má gera plan handan við drenskurðinn innan lóðar. Jarðefni sem upp kemur úr plani yrði nýtt til landmótunar. Hreinsivirki mun verða hannað til að uppfylla þau ákvæði um losun sem verða í endurnýjuðu starfsleyfi urðunarstaðarins.

Vísað er til lýsinga á vatnafræði og jarðfræði svæðis kringum urðunarstað í meðfylgjandi áhættumati fyrir urðunarstaðinn.

e) Fyrirhugaðar aðferðir í því skyni að fyrirbyggja mengun og draga úr henni.

Vísað er í áhættumatsskýrslu til nánari skoðunar á þáttum til að fyrirbyggja mengun.

Mengun vegna gass. Til að fyrirbyggja mögulega mengun vegna metangass mun rekstraraðili draga úr urðun lífræns úrgangs eins og unnt er. Á starfssvæðinu er eitt sláturhús og nokkur fiskivinnslufyrirtæki og fellur þar til nokkuð magn af lífrænum úrgangi. Endurvinnsla og nýting á þessum úrgangi hefur stórauðist síðustu ár og fer afurð bæði í sölu og nýtingu sem áburður. Stuðlað verður að þessari þróun áfram eins og unnt er. Við byggingu fyrirhugaðra urðunarhólfa má koma fyrir mælirörum til mælinga á gasmyndun sem sýna mundu hvort virk gassöfnun og brennsla eða nýting myndi skila umhverfislegum ávinningi.

Mengun vegna lyktar. Til að fyrirbyggja mögulega lyktarmengun mun rekstraraðili draga úr urðun lífræns úrgagns eins og unnt er. Formlegar kvartanir hafa ekki borist til rekstraraðila vegna lyktar frá urðunarstað. Við vinnu í nýjum reinum verður fyrirkomulagi urðunar stýrt, t.d. þannig að ekki sé tekið við úrgangi sem veldur lyktarmengun nema veður og vindáttir leyfi. Vinnslufleti úrgangs verður ávallt haldið í lágmarki og úrgangur þjappaður og hulinn daglega sem mun draga úr mögulegri lyktarmengun. Fjarlægðir eru miklar í flesta bæi í nágrenninu og ólíklegt að þangað berist lykt af urðunarstað.

Mengun vegna sigvatns. Í botni nýs urðunarhólfs verður nýtt náttúruleg þétting eða tálmi sem varna mun því að sigvatn berist í jarðveg eða vatn utan urðunarstaðarins. Í botninum verða rásir með söfnunarrörum og hriplagi þar ofan á. Sigvatn verður leitt í lögnum með sjálfrennsli að hreinsimannvirki neðan við urðunarhólfið og það meðhöndlað þar eins og kröfur gera ráð fyrir áður en því er sleppt í viðtaka á aurum Fjarðarár. Myndun sigvatns mun verða lítil vegna þess hve djúpt og lítið urðunarhólfið verður. Þá verður mögulegu yfirborðsflóðavatni beint frá urðunarhólfinu með drengurum. Einn helsti þátturinn til að draga úr mengunarhættu vegna sigvatns verður að draga úr urðun lífræns úrgangs sem er megin uppspretta mengunar í sigvatni. Sýni verða tekin reglubundið eins og starfleyfi tilgreinir og fylgst með hugsanlegri mengun vatns frá urðunarsvæði.

Mengun vegna hávaða. Til að draga úr hættu á hávaðamengun vegna vinnu við urðun verða fyrirhuguð urðunarhólf hönnuð undir núverandi yfirborði lands, en ekki byggð upp úr landinu eins og venja hefur verið. Þetta leiðir til þess að hljóð frá tækjum berst beint upp í loft og veldur því ekki ónæði. Tækjavinna sem fram fer ofan á mel, t.d. jarðefnavinna, verður skermuð af með hljóðmönnum úr jarðvegi gerist þess þörf.

Mengun vegna foks. Til að draga úr hættu á foki úrgangs og ryks vegna vinnu við urðun verða urðunarhólf hönnuð undir núverandi yfirborði lands. Þetta leiðir til þess að skjólsælla verður þar sem losun sorpbíla fer fram og því minni hættu á foki. Þá verður stærð vinnsluflatar ávallt lágmarkuð, sörp troðið jafnóðum og hulið daglega. Færanlegri girðingu verður komið umhverfis hól sem stoppar eðlisléttan úrgang sem hugsanlega fýkur upp úr hólfi, ef þörf krefur. Til að varna rykmengun af vegi og slóðum verða þeir bundnir með þar til gerðum bindiefnum eftir þörfum.

f) Áætlun um rekstur, vöktun og innra eftirlit.

Rekstri er að hluta til lýst hér að framan. Stefnan hjá sveitarfélaginu er að það eigi og byggi upp urðunarstaðinn og sjái um rekstur hans en að verktaki sjái um vinnu sem fram fer á urðunarstaðnum. Opnunartími urðunarstaðarins verður í samkomulagi við þá aðila sem þangað flytja úrgang en almenningur getur ekki skilað þar úrgangi. Flutningabílar fyrir úrgang verða vegnir á löggiltri vog á Höfn og upplýsingar um úrgang skráðar þar. Skoðun farma verða gerðar á urðunarstað af verktaka. Gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi verðu útbúið fyrir reksturinn og mótuð sérstök umhverfisstefna.

Þá mun verða gerð rekstrarhandbók fyrir urðunarstaðinn þar sem skráð er hvernig allri vinnu á urðunarstað skuli háttað og hvernig staðið skuli að öryggismálum. Í hana verða einnig skráðar allar helstu upplýsingar um staðsetningu og förgun sérstaks úrgangs og fleiri upplýsingar sem þörf er að geyma.

g) Áætlun um lokun, aðgerðir í kjölfar lokunarinnar og kostnað sem af því hlýst.

Endanlegur frágangur á yfirborði verður í áföngum þegar urðun líkur í einstökum urðunarreinum. Gengið verður frá landmótun á því svæði sem urðað hefur með efni sem upp kemur við uppgröft á næsta urðunarhólfi. Landmótun á lokuðum reinum og svæði í heild verður gerð í samkomulagi við skipulagsstjóra sveitarfélagsins og landeiganda. Gera má ráð fyrir nokkru sigi á yfirborði urðunarreina og að fylla þurfi yfir svæðið með jarðvegi eftir nokkur ár en eftir það hefst uppgræðsla á svæðinu. Stefnt er að því að landmótun og uppgræðslu verði þannig háttað að eftir lokun hvers áfanga líkist landið sem mest því sem það var áður en urðun hófst.

Eftir að rekstartíma líkur heldur vöktun svæðis áfram eins og starfsleyfi og lokunartilmæli munu greina frá. Eftir að úrgangur hefur náð jafnvægi við umhverfið eins og segir í 1. gr. rg. 738/2003 verða hreinsimannvirki og girðingar fjarlægðar af lóð og gengið frá vegum og slóðum í samkomulagi við landeiganda og skipulagsstjóra. Kostnaður við lokun fellst í hönnun, umsjón, eftirliti, frágangi yfirborðs og fjarlægingu tækja og mannvirkja og verður hann greiddur af rekstraraðila. Kostnaðurinn við endanlega frágang er áætlaður 5.000.000 kr.

h) Fullnægjandi trygging umsækjanda, eða sérhver önnur jafngild ráðstöfun, sem krafist er samkvæmt 17. gr.

Ábyrgðaryfirlýsing verður útbúin af Sveitarfélaginu Hornafirði fyrir útgáfu nýs starfsleyfis.

i) Greinargerð um þær aðferðir sem rekstraraðili hyggst beita í því skyni að fyrirbyggja mengun eða draga úr henni þ.m.t. tilhögun innra eftirlits, áætlun um vöktun, lokun og aðgerðir í kjölfar lokunnar.

Vísað er í framangreindar lýsingar á aðferðum til að fyrirbyggja mengun og draga úr henni og áhættumatsskýrslu. Einnig varðandi tilhögun innra eftirlits, vöktunar og lokunar.

j) aðrar upplýsingar ef þörf er á.

Óskað er eftir því að framlengt starfsleyfi verði unnið samhliða hönnun nýrra urðunareina og hreinsikerfis og í samvinnu við rekstraraðila og ráðgjafa.

Eftirfarandi upplýsingar fylgja umsókn í samræmi við 10. gr. rg. 785/1999, liði a til k.

a. Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdrættir af staðsetningu.

Urðunarstaður. Móttekur allt að 3.000 tonn af almennum úrgangi árlega. Vísað er í liði b – d að framan til nánari upplýsingar.

b. Afrit af staðfestu deiliskipulagi.

Verður sent til Umhverfisstofnunar.

c. Lýsing á staðháttum við vinnslustað.

Vísað er í framangreint og áhættumat.

d. Upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd.

Á ekki við.

e. Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið.

Vísað er í framangreint og áhættumat.

f. Lýsing á þeim mengunarförnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun.

Vísað er í lið e) að framan og áhættumat.

g. Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið.

Vísað er í lið e) að framan og áhættumat.

h. Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið.

Vísað er í lið f) að framan.

i. Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á.

Á ekki við.

j. Lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna.

Lítill sem enginn úrgangur fellur til við starfsemina utan lítilræðis af rekstrarúrgangi og þeirra mengunarefna sem hreinsuð verða úr sigvatni. Ekki er enn vitað í hvaða formi úrgangur vegna sigvatnshreinsunar verður eða hvernig hann skilgreinist, en förgun á honum verður í samræmi við reglur. Spilliefni sem falla til á urðunarsvæðinu t.d. olúsíur og mótrolía, eða spilliefni sem finnast í úrgangi á urðunarstað verður safnað og þeim skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.


k. Lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.

Ákvæðum starfsleyfis verður fylgt.

Meðfylgjandi er skýrslan „Urðunarstaður í Lóni – áhættumat vegna endurnýjunar starfsleyfis. Sent til Umhverfisstofnunar á rafrænu formi.

Virðingarfyllt

fyrir hönd Sveitarfélagsins Hornafjarðar.



Gunnar Svavarsson, Eflu hf. verkfræðistofu